

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2015, 12. ágúst, var haldinn 82. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:05. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Jóna Björg Sætran (B), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D), Ragnar Hansson (Æ), Sabine Leskopf (S) og Örn Þórðarson (D). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (P), Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Guðrún Kaldal, framkvæmdastjórnar frístundamiðstöðva; Hanna Guðbjörg Birgisdóttir, skólastjórnar í grunnskólum og Sara Þöll Finnbogadóttir, Reykjavíkurráð ungmenna. Jafnframt sátu fundinn Valgerður Janusdóttir, staðgengill sviðsstjóra, Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, Auður Árný Stefánsdóttir, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, Kristján Gunnarsson og Soffía Pálsdóttir.

Fundarritari var Guðrún Sigtryggsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar, dags. 30. júní 2015. Auk þess lagt fram bréf borgarstjórnar í Reykjavík, dags. 17. júlí 2015, þar sem óskað er umsagnar skóla- og frístundaráðs um skýrsluna. Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og reksturs Reykjavíkurborgar kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2015070065
- Kl. 11:20 tekur Guðrún Gunnarsdóttir sæti á fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg fékk harkalega útreið í þjónustukönnun Capacent. Varðandi þjónustu við barnafjölskyldur, eldri borgara og fatlað fólk lenti Reykjavíkurborg í neðsta sæti af 19 stærstu sveitarfélögum landsins. Sömuleiðis lenti Reykjavík í neðsta sæti þegar spurt var um þjónustu grunnskóla, leikskóla og sorphirðu. Þá er mikið ósamræmi og ójafnræði í þjónustu milli hverfa borgarinnar. Ljóst er að Reykjavíkurborg þarf að bæta verulega þjónustu við borgarbúa og því fagnaðarefni að verið sé að vinna að úrbótum.

Skóla- og frístundafulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina ítrekar mikilvægi þess að niðurstöður skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar verði nýttar til skilvirkra og jákvæðra umbóta í þjónustu Reykjavíkurborgar við borgarbúa. Niðurstöður skýrslunnar sýna því miður að yfirsýn og innsýn borgarbúa í mögulega þjónustu sem þeir eiga vól á er langt frá því að vera viðunandi. Auðvelda þarf aðgengi að rafrænum upplýsingum og rafrænni þjónustu. Nauðsynlegt er að samræma umfang og gæði skilvirkar þjónustu í öllum borgarhverfum og á milli hverfa til að auka jafnræði borgarbúa, veita miðlæga þjónustu sem væri samt framkvæmd í hverfunum sem mætti auka hverfisvitund og hverfamenningu.

2. Lögð fram skýrsla starfshóps um fjárhag skóla- og frístundasviðs, dags. 1. ágúst 2015. Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs og Kristján Gunnarsson fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015080031

Samþykkt skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð þakkar starfshópi um fjármál skóla- og frístundasviðs fyrir góða vinnu og felur sviðsstjóra að vinna áætlun um innleiðingu þeirra tillagna sem koma fram í skýrslunni. Tillögurnar og áætlunin verði lögð fram til afgreiðslu á fyrri fundi ráðsins í september 2015.

3. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 30. apríl 2015, um stöðugt endurmat aðferða við að kenna gamlar greinar. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2015, um hugmyndina. SFS2015040101

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að koma efni erindisins á framfæri við skólastjórnendur í Reykjavík.

Samþykkt.

4. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 28. nóvember 2014, um að fótboltavelli sem er fyrir aftan Vogaskóla verði breytt í sparkvöll. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 12. júní 2015, um hugmyndina. SFS2014120059

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að taka erindi af Betri Reykjavík um boltagerði við Vogaskóla til meðferðar á samráðsvettvangi skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar þar sem fjallað er um húsnæði og lóðir starfseininga skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt.

5. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 24. júní 2015 auk minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. ágúst 2015:

Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að breyta samþykkt um ráðið á þá leið að Samtökum sjálfstætt rekinna skóla verði heimilað að skipa áheyrnarfulltrúa í skóla- og frístundaráð.

Tillagan er felld með 4 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugavallarvina situr hjá. SFS2015060241

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks harma að tillagan hafi verið felld, enda eðlilegt að sjálfstætt starfandi skólar sem sinna lögbundnum verkefnum sem ráðið hefur eftirlitskyldur gagnvart, hafi áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundasvið gerir samninga við ýmsa einkaaðila um þjónustupætti í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þar má nefna sjálfstætt starfandi grunn- og leikskóla, dagforeldra og tónlistarskóla svo þeir helstu séu nefndir. Ljóst er að allir þessir aðilar gætu gert tilkall til áheyrnarfulltrúa ef einn úr þessum hópi fengi slíkan rétt. Meirihlutinn leggur áherslu á gott samstarf við alla en telur ekki eðlilegt að fjölga áheyrnarfulltrúum sem nú þegar eru mun fleiri en tíðkast í fræðsluráðum sveitarfélaga á landinu eftir því sem næst verður komist. Þar fyrir utan hafa bæði skólastjórnendur og kennarar sjálfstætt starfandi skóla aðkomu að ráðinu í gegnum KÍ.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 5. ágúst 2015, varðandi umsókn sjálfstætt rekna leikskólans Sælukots um rekstrarleyfi vegna stækkunar húsnæðis og ósk um framlag. Auk þess lögð fram drög að rekstrarleyfi og umsókn Sælukots auk fylgigagna umsóknar. Jafnframt lögð fram minnisblöð skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2014 og 26. mars 2015. SFS2015060229

Samþykkt skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð samþykkir rekstrarleyfi fyrir Sælukot og vísar umsókn um aukið framlag vegna ársins 2015 til meðferðar sviðsstjóra og vinnu við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2016.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til við skóla- og frístundaráð að hætt verði rekstri leikskólans Sjórnarhóls frá og með áramótum 2015-2016. Foreldrar barna sem nú eru í Sjórnarhóli fái nú þegar forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla Reykjavíkurborgar og fari börnin fram fyrir önnur börn á forgangslista í þann leikskóla sem foreldrar óska eftir að þau fari í.

Greinargerð fylgir. SFS2015070039

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir að málinu verði frestað milli funda.

Samþykkt.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Úttekt ráðgjafafyrirtækisins Intellecta staðfestir að varnaðarorð og gagnrýni vegna sameininga skóla og leikskóla í Grafarvogi áttu fullan rétt á sér. Rauði þráðurinn í úttektinni er að samráð hafi verið algjörlega ófullnægjandi auk þess sem skort hafi framtíðarsýn og faglegar og fjárhagslegar forsendur í aðdraganda sameininganna. Sameiningarferlið, undirbúningur og framkvæmd verksins fékk felleinkunn. Ljóst er að fulltrúar Samfylkingar og Besta flokksins/Bjartrar framtíðar hafa engu gleymt og ekkert lært því nú er svipuðum aðferðum beitt. Unnið hefur verið að lokun leikskólans Sjórnarhóls í alllangan tíma án vitundar og samráðs við foreldra og starfsmenn. Til marks um samráðs- og tillitsleysið er að börn voru tekin í aðlögun á leikskólann í vor og ekki var fundað með foreldrum eða starfsmönnum fyrir en í byrjun júlí á sumarleyfistíma. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Örn Þórðarson harma þessi vinnubrögð og hvetja til þess að tekið verði upp alvöru samráð við borgarbúa í mikilvægum málum sem þessum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Miklar breytingar hafa orðið á starfsemi leikskólans Sjórnarhóls á undanförunum misserum. Börnum hefur fækkað jafnt og þétt undanfarin ár og nú eru þar 23 börn eða þriðjungur þess sem leikskólinn rúmar og við blasir að í september verði þau rétt rúmlega 14. Sótt hefur verið um flutning fyrir stærstan hluta barnanna á aðra leikskóla og tekur lokun leikskólans ekki í gildi fyrir en um áramót. Þá verður öllum börnum Sjórnarhóls tryggt leikskólalátt á öðrum leikskólum. Þær eru tilhæfulegar staðhæfingar fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ekkert samráð hafi verið haft við stjórnendur leikskólans og foreldra leikskólabarnanna og að unnið hafi verið að lokun Sjórnarhóls án vitundar hlutaðeigandi. Staðreyndir málsins eru þær að það var

að frumkvæði stjórnenda leikskólans að hugmyndir um lokun leikskólans yrðu skoðaðar. Voru aðallega fagleg rök fyrir þeim. Stigið var varlega til jarðar í einu og öllu og kostir og gallar metnir og það tryggt að samráð og upplýsingagjöf væru viðhöfð á öllum stigum málsins. Engar aðfinnslur eða ábendingar hafa borist skóla- og frístundasviði eða meirihlutafulltrúum ráðsins frá foreldrum eða starfsmönnum eftir að fundað var með þeim og var almennur skilningur á stöðunni sem upp var komin í máli leikskólans Sjórnarhóls.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það verður að teljast enn einkennilegra að skólastjórnendur og skóla- og frístundasvið hafi haft vitneskju um áform og hugmyndir um lokun leikskólans, á meðan foreldrar og starfsmenn höfðu ekki verið upplýstir um málið og börn hafi verið tekin í aðlögun á vormánuðum.

8. Starfsemi frístundaklúbbsins Garðs og félagsmiðstöðvarinnar Öskju. Lögð fram umsögn skólaráðs Klettaskóla, dags. 9. júní 2015, bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. maí 2015 auk umsagna fjármálaskrifstofu, dags. 9. júní 2015 og velferðarsviðs, dags. 9. júní 2015.

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar kynntu og svöruðu fyrirspurnum. SFS2015080017

Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundaráð samþykkir og leggur til við borgarráð að frá og með skólabyrjun haustið 2015 verði starfsemi frístundaklúbbsins Garðs og félagsmiðstöðvarinnar Öskju tímabundið í Safamýri 5 (í gamla Safamýrarskólann). Frístundamiðstöðin Kringlumýri mun bera ábyrgð á starfseminni í Öskju og Garði eftir sem áður.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs

9. Starfsemi frístundaklúbbsins Hofs. Lagt fram, bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. maí 2015 auk umsagna fjármálaskrifstofu, dags. 9. júní 2015, velferðarsviðs, dags. 9. júní 2015. Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar kynntu og svöruðu fyrirspurnum. SFS2015080018

Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs:

Skóla- og frístundaráð samþykkir og leggur til við borgarráð að frá og með skólabyrjun haustið 2015 verði starfsemi frístundaklúbbsins Hofs að Þorragötu 3, Reykjavík. Frístundamiðstöðin Frostaskjól tekur við ábyrgð á rekstri frístundaklúbbsins Hofs af hendi Kringlumýrar.

Greinargerð fylgir.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með 5 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknar og flugvallarvina gegn 2 atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Áríðandi er að finna umræddri starfssemi hentugt húsnæði og margt sem bendir til að Þorragata henti vel. Mikilvægt er að gott samráð verði haft við íbúa Þorragötu 5-9 áður en ákvörðun er tekin um hvaða starfssemi fer fram í Þorraseli eftir að dagvist aldraðra var flæmd þaðan í burtu í mikilli andstöðu við íbúa.

10. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi erindi kennara til skóla- og frístundaráðs varðandi athugasemdir vegna C- hluta nýs vinnumats grunnskólakennara. Jafnframt lögð fram erindi kennara í Laugarnesskóla, dags. 12. júní 2015, kennara í Rimaskóla, dags. 15. júní 2015, kennara í Kelduskóla, dags. 12. júní 2015 og kennara í Ártúnsskóla, dags. 11. júní 2015 auk bréfs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. júlí 2015 og samþykkt stjórnar SSH vegna kjarasamninga grunnskólakennara, dags. 1. júní 2015. SFS2015060047

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata í skóla- og frístundaráði þakka kennurum í Laugarnesskóla, Rimaskóla, Kelduskóla og Ártúnsskóla fyrir innsend erindi til ráðsins varðandi C- hluta nýs vinnumats grunnskólakennara. Mikilvægt er að benda á eftirtalin atriði í þessu sambandi. Markmið kjarasamningsins er að vinnutímakaflinn styðji við sveigjanlegt skólastarf og styðji skólustjóra og kennara í því að dreifa betur vinnuálagi milli einstakra kennara. Í kjarasamningnum kemur skýrt fram að „sá tími sem ætlaður er í þennan þátt (C) dregur samsvarandi úr vægi vinnuþátta A eða B í vinnuskyldu viðkomandi kennara“ og á þeim forsendum hafa sveitarfélög ekki lagt sérstakt viðbótarfjármagn í C hluta. Þá gildir sú meginregla að ekki er greidd yfirvinnugreiðsla vegna sérstakra verkefna á dagvinnutíma. Þessi skilningur var staðfestur í samþykkt stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og borgarráðs síðastliðið vor. Skýrt kemur fram í kjarasamningnum að viðvera kennara með nemendum í frímínútum og hádegishléi (gæsla) sé meðal þeirra verkefna sem falla undir B þátt samningsins en einstakir kennarar geta hafnað því að taka að sér slík verkefni ef þeir hafa til þess málefnaleg rök. Meirihluti ráðsins hefur mikinn metnað til að halda uppi öflugu þróunarstarfi í grunnskólum borgarinnar og að Reykjavíkurborg verði áfram í fararbroddi þegar kemur að skólaþróun í landinu. Þau sjónarmið verða m.a. höfð til leiðsagnar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs þó svigrúm Reykjavíkurborgar til nýrra útgjalda sé takmarkað m.a. vegna mikils kostnaðar við kjarasamninga síðastliðinna missera. Í kjarasamningnum kennara er að finna mikilvæg sóknarfæri fyrir skólaþróun í borginni til viðbótar umtalsverðum kjarabótum til grunnskólakennara, sem er ein af forsendum þess að mikilvæg störf þeirra verði metin að verðleikum. Meirihlutinn hvetur til þess að skólafólk sameinist um að leita farsælla lausna á þeim álitamálum sem upp kunna að koma við innleiðingu nýrra kjarasamninga, með hag barna og ungmenna í grunnskólum borgarinnar að leiðarljósi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lýsir yfir áhyggjum vegna þeirrar óvissu sem ríkir í upphafi skólaárs varðandi viðveru kennara við gæslu í hádegismatartíma nemenda í grunnskólum borgarinnar. Kjarasamningar við grunnskólakennara hafa opnað fyrir þann möguleika að kennarar geti hafnað gæslu í hádegismat nemenda þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir þá gæslu. Skólastjórnendur hafa ekki fjármagn til greiðslu fyrir þessa gæslu sem yfirvinnu en þurfa þá að umbuna kennurum með öðrum hætti til að taka að sér gæslu í matartímum nemenda ef ekki verður hægt að manna gæsluna með öðrum hætti. Hér er um ákveðið og alvarlegt túlkunaratriði að ræða vegna nýju kjarasamningana sem brýnt er að finna skýran flöt á áður en skólastarf hefst. Það getur ekki talist æskilegt að mikið ósamræmi verði á milli grunnskóla borgarinnar hvað þetta varðar enda getur það ekki verið réttlætanlegt að í

sumum skólum fái kennarar einhvers konar umbun fyrir gæslu í matartíma nemenda á meðan kennarar í öðrum skólum taki að sér gæsluna án endurgjalds. Það getur heldur ekki talist sanngjarnt að telja það val kennara að sinna gæslunni kauplaust og höfða þannig til ábyrgðartilfinningu þeirra, samvisku og sérstakrar umhyggju fyrir nemendum sínum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka ábendingar um óvissu varðandi túlkun nýgerðra kjarasamninga. Mikilvægt er að þessari óvissu verði eytt sem fyrst og að skólastarf vetrarins taki mið af hagsmunum barna og ungmenna í grunnskólum. Sérstaklega er þessi óvissa alvarleg varðandi gæslu í hádegishléum og frímínútum og áriðandi að lausn finnist áður en skólastarf hefst nú 24. ágúst.

11. Lögð fram tillaga Listasafns Reykjavíkur, dags. 12. júní 2015, um uppsetningu tveggja skúlpútra við skóla í Grafarholti. Auk þess lagt fram bréf frá skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, dags. 22. júní 2015, þar sem menningar- og ferðamálaráð vísar tillögunni til umsagnar skóla- og frístundaráðs. SFS2015060226

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð styður tillögu menningar- og ferðamálasviðs um uppsetningu tveggja útilistaverka við grunnskóla í Grafarholti. Listaverkin munu sóma sér vel við Ingunnarskóla og Sæmundarskóla íbúum í Grafarholti til yndisauka. Með uppsetningu útilistaverkanna í Grafarholti yrðu komin útilistaverk í öll hverfi borgarinnar.

Samþykkt.

12. Lögð fram samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar og verkferill um ráðningar grunn- og leikskólastjóra hjá Reykjavíkurborg. SFS2013080066
13. Ráðning leikskólastjóra í Jörfa.
Lögð fram til kynningar:
 - a) Greinargerð skóla- og frístundasviðs, dags. 24. júlí 2015, vegna ráðningar í stöðu leikskólastjóra í Jörfa.
 - b) Yfirlit yfir umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Jörfa.
 - c) Auglýsing um stöðu leikskólastjóra við leikskólann Jörfa.
 - d) Viðmið vegna ráðninga skólastjóra leikskóla og grunnskóla.Tvær umsóknir bárust um stöðuna og var Bergljót Jóhannsdóttir ráðin leikskólastjóri Jörfa frá og með 1. ágúst 2015. SFS2015080020

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lýsa undrun sinni á því að ráðning leikskólastjóra var ekki kynnt ráðinu áður en ráðningin fór fram og hann hóf störf við leikskólann. Þetta verklag er á skjön við verklag annarra sviða og má í því sambandi nefna að allar ráðningar í æðstu stöður á menningar- og ferðamálasviði eru kynntar ráðinu áður en ráðning fer fram. Það er óboðlegt að ráðsmenn frétti úti í bæ af ráðningum í mikilvæg embætti.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Sú tímabæra breyting var gerð á ráðningarmálum í vor að kjörnir fulltrúar skipa ekki lengur stjórnendur leikskóla og grunnskóla. Breytingin er í anda aukinnar fagmennsku og hlutverk kjörinna fulltrúa breytist í að hafa eftirlit með

ráðningaferlinu. Þar hafa þeir allar sömu upplýsingar og verið hefur án þess að vera útsettir fyrir gagnrýni um hagsmunaárekstra.

14. Niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna skóla- og frístundasviðs 2015. Guðjón Örn Helgason, sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi á skóla- og frístundasviði, kynna og svara fyrirspurnum. Lögð fram viðhorfskönnun meðal starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015. SFS2015080008
- Kl. 15:00 vikur Hanna Guðbjörg Birgisdóttir af fundi.

Samþykkt skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð fagnar niðurstöðum viðhorfskönnunar starfsmanna Reykjavíkurborgar þar sem kemur fram að skóla- og frístundasvið kemur vel út í samanburði við önnur svið borgarinnar. Lykilþættir á borð við starfsánægju, mat á árangursríkum stjórnunarháttum og hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi koma betur út en undanfarin ár og eru yfir meðallagi hjá starfsmönnum sviðsins miðað við borgina í heild. Mikilvægt er að vinna með niðurstöður könnunarinnar og bregðast við því sem betur má fara, ekki síst varðandi sjónarmið um of mikið vinnuálag og um fordóma gagnvart ákveðnum hópum starfsfólks. Mikilvægt er að eiga þar gott samstarf við mannréttindaskrifstofu borgarinnar.

Fundi slitið kl. 15.30

Skúli Helgason

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir
Sabine Leskopf

Líf Magneudóttir
Ragnar Hansson
Örn Þórðarson